

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 102/2015****2016/EES/42/29****frá 30. apríl 2015****um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) og bókun 31 við EES-samninginn,
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 frá 25. október 2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB („reglugerðin um IM-upplýsingakerfið“) ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012 fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella tilvísun í ákvörðun 2008/49/EB úr EES-samningnum.
- 3) X. viðauki og bókun 31 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 2d (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/287/ESB) í X. viðauka við EES-samninginn:

„3. **32012 R 1024**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 frá 25. október 2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB (Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í stað orðanna „2. mgr. 26. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“ komi orðin „a- til d-liðar 2. mgr. 1. gr. EES-samningsins“.
- b) Í stað orðsins „Sambandsgerðir“ komi orðin „Sambandsgerðir sem hafa verið felldar inn í EES-samninginn“.

2. gr.

Texti annars undirliðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB) í b-lið 6. mgr. 17. gr. bókunar 31 við EES-samninginn falli brott.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 13, 16.1.2008, bls. 18.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.